

Svar

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um eignir, skuldir og aflaverðmæti í sjávarútvegi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar hafa heildarskuldir sjávarútvegsins verið frá árinu 1989 á núgildandi verðlagi? Hvernig skiptast þessar skuldir á milli útgerðar og fiskvinnslu?*
2. *Hverjar voru heildareignir sjávarútvegsins á þessum árum, reiknaðar til núgildandi verðlags?*
3. *Hvert var eigið fé sjávarútvegsins á sama tíma á núgildandi verðlagi? Hvert var eiginfjárhlutfallið á þessum árum?*
4. *Hvert var heildaraflaverðmæti annars vegar og heildarútflutningsverðmæti hins vegar á sama tíma á núgildandi verðlagi?*

Svar við fyrirspurninni má lesa úr eftirfarandi töflum. Þó er ekki unnt að greina á milli skulda útgerðar og fiskvinnslu og eru tölurnar birtar fyrir greinina í heild. Tölur í töflum 1, 2 og 3 eru á verðlagi hvers árs. Til að fá samanburð á milli ára eru upplýsingar um afla- og útflutningsverðmæti settar í hlutfall við eignir og skuldir. Töflur 4 og 5 innihalda sömu upplýsingar og hinar þrjár fyrri en tölurnar í þeim hafa verið reiknaðar til verðlags ársins 1998, miðað við lánskjaravísitölu. Þegar tölulegar upplýsingar frá einu ári eru reiknaðar yfir á verðlag annars árs er afar erfitt að ákveða við hvaða vísitölu skuli miða. Það er t.d. ekki líklegt að verðmæti eigna í sjávarútvegi og útflutningsverðmæti hafi þróast eins og lánskjaravísitala. Því má aðeins líta á uppreikning sem þennan sem vísbendingu.

Tafla 1. Eignir, skuldir og eigið fé sjávarútvegsins árin 1989–98 á verðlagi hvers árs. Tölur frá 1997 og 1998 eru áætlaðar.

	Eignir, millj. kr.	Skuldir, millj. kr.	Eigið fé, millj. kr.	Eiginfjárhlutfall
1998	*	145.167		
1997	176.866	125.930	50.936	28,8%
1996	156.666	116.091	40.575	25,9%
1995	122.041	93.573	28.468	23,3%
1994	116.459	95.646	20.813	17,9%
1993	116.839	101.816	15.023	12,9%
1992	110.610	94.445	16.165	14,6%
1991	112.890	93.947	18.943	16,8%
1990	102.355	86.983	15.372	15,0%
1989	95.775	88.003	7.772	8,1%

Heimildir: Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun. * Upplýsingar vantar.

**Tafla 2. Verðmæti sjávaraflla, afli af öllum miðum, á verðlagi hvers árs.
Aflaverðmæti í hlutfalli við eignir og skuldir.**

	Aflaverðmæti, millj. kr.	Aflaverðmæti í hlutfalli við eignir	Aflaverðmæti í hlutfalli við skuldir
1998	59.295	*	40,8%
1997	56.467	31,9%	44,8%
1996	57.396	36,6%	49,4%
1995	53.657	44,0%	57,3%
1994	51.767	44,5%	54,1%
1993	50.643	43,3%	49,7%
1992	48.318	43,7%	51,2%
1991	50.978	45,2%	54,3%
1990	47.535	46,4%	54,6%
1989	37.261	38,9%	42,3%

Heimildir: Fiskifélag Íslands, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanki Íslands. * Upplýsingar vantar.

**Tafla 3. Verðmæti útfluttra sjávarafurða árin 1989–98 á verðlagi hvers árs.
Útflutningsverðmæti í hlutfalli við eignir og skuldir.**

	Útflutningsverðmæti sjávarafurða, millj. kr.	Útflutningsverðmæti í hlutfalli við eignir	Útflutningsverðmæti í hlutfalli við skuldir
1998	101.031	*	69,6%
1997	95.567	54,0%	75,9%
1996	94.149	60,1%	81,1%
1995	85.759	70,3%	91,6%
1994	86.687	74,4%	90,6%
1993	76.092	65,1%	74,7%
1992	71.280	64,4%	75,5%
1991	74.576	66,1%	79,4%
1990	71.611	70,0%	82,3%
1989	58.306	60,9%	66,3%

Heimildir: Þjóðhagsstofnun, Seðlabanki Íslands. * Upplýsingar vantar.

Tafla 4. Eignir, skuldir og eigið fé sjávarútvegsins árin 1989–98.
Verðlag lánskjaravísitölu 1998. Tölur frá 1997 og 1998 eru áætlaðar.

	Eignir, millj. kr.	Skuldir, millj. kr.	Eigið fé, millj. kr.	Eiginfjárlutfall
1998		145.167		
1997	179.135	127.546	51.590	28,8%
1996	161.698	119.820	41.878	25,9%
1995	128.780	98.740	30.040	23,3%
1994	124.922	102.597	22.326	17,9%
1993	126.829	110.521	16.307	12,9%
1992	123.844	105.745	18.099	14,6%
1991	128.215	106.701	21.515	16,8%
1990	125.558	106.701	18.857	15,0%
1989	126.642	116.365	10.277	8,1%

Heimildir: Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 5. Verðmæti sjávarafla af öllum miðum og útflutningsverðmæti sjávarafurða.
Verðlag lánskjaravísitölu 1998. Tölur frá 1998 eru áætlaðar.

	Aflaverðmæti, millj. kr.	Útflutningsverðmæti sjávarafurða
1998	59.295	101.031
1997	57.192	96.793
1996	59.240	97.173
1995	56.620	90.494
1994	55.529	92.987
1993	54.973	82.598
1992	54.099	79.808
1991	57.898	84.700
1990	58.311	87.844
1989	49.270	77.097

Heimildir: Fiskifélag Íslands, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanki Íslands.